

## Breytingartillaga

við tillögur á álitum Birgis Ármannssonar, Diljár Mistar Einarsdóttur, Ingu Sæland, Jóhanns Friðriks Friðrikssonar, Línéikar Önnu Sævarsdóttur og Vilhjálms Árnasonar, nefndarmanna í kjörbréfanefnd.

Frá Indriða Inga Stefánssyni.

1. 8., 28., 41., 51. og 63. tölul. kaflans *Aðalmenn* falli brott.
2. 8., 28., 35., 41., 43., 51. og 63. tölul. kaflans *Varamenn* falli brott.
3. Við tillögugreinina bætist:

Þá er lagt til að Alþingi beini því til landskjörstjórnar að gefa út ný kjörbréf, fimm kjörbréf aðalþingmanna og átta kjörbréf varaþingmanna, sem byggjast á eftirfarandi úrslitum alþingiskosninga í Norðvesturkjördæmi 25. september 2021:

Listi stjórn málasamtaka	Atkvæðafjöldi
B-listi Framsóknarflokks	4.443
C-listi Viðreisnar	1.072
D-listi Sjálfstæðisflokks	3.887
F-listi Flokks fólksins	1.513
J-listi Sósíalístaflökks Íslands	721
M-listi Miðflokks	1.283
O-listi Frjálslynda lýðræðisflokksins	72
P-listi Pírata	1.082
S-listi Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands	1.196
V-listi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs	1.979
Auðir seðlar	394
Aðrir ógildir seðlar	24

### Greinargerð.

Með breytingartillögu þessari er lagt til að ekki verði staðfest kjörbréf þeirra þingmanna, auk varaþingmanna, sem hlutu kjör á grundvelli kosningaúrslita í Norðvesturkjördæmi í alþingiskosningum 25. september sl. sem byggðust á endurtalningu yfirkjörstjórnar í kjördæminu eftir hádegi þann 26. september. Rannsókn undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa hefur leitt í ljós að meðferð og varðveisla kjörgagna var ófullnægjandi eftir að fyrri talningu atkvæða lauk að morgni þess dags sem þýðir að niðurstöður seinni talningarinnar eru óáreiðanlegar og ekki hægt að útiloka að átt hafi verið við kjörgögnin. Þar að auki var talningin endurtekin án heimildar í lögum, án auglýsingar og án þess að kjósendum, umboðsmönnum lista eða staðgenglum þeirra gæfist kostur á að vera við talninguna til að veita aðhald og sinna eftirliti sem allt eru lögbundin skilyrði fyrir talningu atkvæða. Í því ljósi er þess í stað lagt til að byggt verði á fyrri talningu atkvæða sem færð var í gerðabók kl. 7:15 þann 26. september og því beint til landskjörstjórnar að úthluta nýjum kjörbréfum á grundvelli þeirrar talningar.